

# Stjórnarfundur

Fundargerð fimmtudaginn 5 desember 2024

Mættir á skrifstofu félagsins: Árni Sveinsson, Heimir Karlsson, Gísli Valur Arnarsson, Einar Eiríksson og Páll Ægir Pétursson

Á fjarfundi: Pálmi Gauti Hjörleifsson, Kristinn Hólm, og Tryggvi Eiríksson, Vignir Traustason og Friðrik Höskuldsson.

Formaður (ÁS) bauð alla velkomna og setti fundinn kl. 12:30.

## Dagskrá

### 1. Áframhald umræða um orlofskosti, möguleg kaup á bústað í Borgarfirði og íbúð í Reykjavík.

Í framhaldi af umræðu um að skoða kaup á sumarhúsi í Borgarfirði sagði formaður frá bústað sem félagsmaður hafði bent honum á að væri til sölu. Stjórn félagsins hefur lýst áhuga á að fjárfesta í bústað á þeim slóðum. Formanni list vel á þennan sumarhústað að öðru leyti en því að það er ekki hitaveita á svæðinu.

Formaður leggur til að málið verði skoðað nánar og að hann fari með valinkunnum stjórnarmanni og skoði þennan bústað til að átta sig betur á aðstæðum. Hann sagðist vera búinn að skoða sumarhústaði til sölu í Borgarfirði en enginn þeirra er áhugaverður nema þá þessi bústaður. Fasteignmarkaðurinn er botnfrosinn sem stendur og því kaupendavænn, það er því mögulegt að ná verðinu eitthvað niður. Það getur verið kostur fyrir félagið að eiga bústað á þessum slóðum t.d. fyrir félagsmenn sem eru að koma að vestan og norðan og vilja staldra þarna við um tíma áður en haldið er til Reykjavíkur. Málið verður sett í ferli og stjórnarmenn upplýstir jafnóðum.

Nokkur umræða var um sumarhústaðina á Laugarvatni og voru menn með ýmsar hugmyndir svo sem að flytja Hrannarból og Laugarból af landinu en einnig að rífa annan bústaðinn og byggja nýjan auk þess að útbúa neðri hluta svæðisins undir hjólhýsi. Þetta þarf að skoða nánar en fara sér að engu óslega.

Upplýsti var á fundinum að mikil ólykt og óþrifnaður hafi verið í íbúðinni Ásholti 36.

Formaður sagði að það væri mikilvægt að koma svona upplýsingum til félagsins því við viljum hafa þetta í lagi, hann hefur samband við Sólar ehf. sem þrífur íbúðirnar vegna málsins.

Nokkur umræða skapaðist um kostnað við þrif, formaður sagði að hann hefði haft samband við önnur stéttarfélag, þau væru að greiða svipað verð og við. Við erum hins vegar með meiri þjónustu, þ.e.a.s. við útvegum lín og handklæði, en fleiri félag væru að fara út í þá þjónustu líka. Formaður hefur óskað eftir tilboði frá öðru fyrirtæki á Akureyri, en núverandi þjónustuaðili, Mundi afi ehf. er tilbúinn að endurskoða kostnaðinn við þrifin þar sem íbúðirnar eru allar á sama blettinum en auk þess sér það fyrirtækið um þrif og þjónustu á bústaðnum í Fnjóskadal.

Fram kom hugmynd um að selja íbúðirnar í Ásholtinu í Reykjavík og kaupa aðrar nýrri og hentugri.

Formaður sagði að íbúðir okkar tvær í Ásholti væru vinsælar vegna staðsetningu þeirra í miðbænum en um þetta þarf að taka ákvörðun. Hann lagði til að fá Bárð Tryggvason fasteignasala hjá Gimli hér á hæðinni til að skoða þetta með sér heilrænt og biðja hann að skoða elstu íbúðirnar okkar í Neðstaleiti 2, Ásholti 26 og 36, hvert væri söluverð þeirra og hvaða möguleikar væru á fjárfestingu á fjórum íbúðum í sama húsi miðsvæðis í Reykjavík. Til dæmis á Heklureitnum, eða í nágrenni við Glæsibæ, þar er verið að byggja margar íbúðir. Ennfremur lagði formaðurinn til að fá Bárð Tryggvason til að koma á næsta stjórnarfund okkar í janúar. Hann mun verða með allar tölur á takteinum s.s.

söluandvirði íbúðanna í Ásholti og Neðstaleiti ásamt verði á nýjum vænlegum íbúðum. Fundarmenn voru sammála þessari tilhögun. Forsenda er að íbúðunum fylgi bílastæði sem félagsmenn, sem eru að koma utan af landi á bílum sínum, geti notað .

## 2. **Kynning á breytingu á deiliskipulagi sem snertir Austurbrú 10 til 18 á Akureyri, skilmálabreyting.**

Formaður sagði að óskað væri eftir skilmálabreytingu á deiliskipulagi á Akureyri sem lítur að því að fjölga gistirýmum á skipulagssvæðinu Austurbrú 10 til 18. Óskað er eftir samþykki okkar sem eigendur tveggja nýrra íbúða í Austurbrú 10. Málið snýst um að fjölga gistirýmum á þessu svæði í tengslum við byggingu hótels. Óskað er eftir að stigagangurinn Austurbrú 16 verði hótélíbúðir, en í stigagangi þessum eru núna eingöngu almennar íbúðir. Í dag eru 64 íbúðir í Austurbrú 10 til 18, en verða eftir breytingu 49 almennar íbúðir og 15 hótélíbúðir sem verða alveg út af fyrir sig. Leyfi er fyrir að breyta þeim í almennar íbúðir ef svo ber undir. Íbúðaeigendur þurfa að samþykkja breytingu á deiliskipulagi vegna þessara byggingar. Gert er ráð fyrir að hægt verð að ganga beint upp úr bílakjallaranum og upp í hótélíbúðirnar. Trúlega verður þetta til að gera okkar íbúðir verðmætari því þessi byggingareitur er mjög eftirsóttur.

Fram kom að aðeins eitt annað stéttarfélag á íbúðir þarna, Félag stjórnenda auk FS. Það er ljóst að það eru mikil verðmæti fyrir Félag skipstjórnarmanna að eiga þessar íbúðir í miðbæ Akureyrar.

Fundarmenn voru sammála þessum breytingum.

## 3. **Umræða um styrki til félagasamtaka, sjá meðfylgjandi styrkbeiðni frá Fjölskylduhjálpi Íslands.**

Formaður sagði að mikið væri um styrkbeiðnir frá allskonar aðilum. Hann kynnti staðlað bréf sem sent er á öll fyrirtæki og stéttarfélag í landinu frá Fjölskylduhjálpi Íslands nú rétt fyrir jólin. Eftir nokkra umræðu um málið var tekin ákvörðin um að styrkja ekki þetta málefni.

Formaður kemur með á næsta fundi yfirlit yfir þau málefni sem félagið hefur styrkt.

## 4. **Önnur mál.**

- a) Formaður sagði frá orlofskerfinu inn á heimasíðunni og skýrði hvernig við notum það. Fyrir þetta kerfi, sem kallast Frímenn, erum við að borga 63.000 kr. á mánuði. Kominn er nýr og endurbættur Frímenn þar sem félagsmenn geta séð og sótt um orlofskosti, auk þess að fá ýmsar upplýsingar um stöðu sína hjá félaginu, geta sótt um styrki og séð hvaða réttindi þeir eiga o.s.frv. Kostnaður við Frímenn miðast við fjölda greiðandi félagsmanna og kostar nýr aðgangur 129.000 kr á mánuði m.v. 485 greiðandi félagsmenn, en við erum að fá allt annað og meira fyrir peninginn en var í gamla kerfinu. Við erum eitt fárra stéttarféлага sem ekki hefur uppfært orlofskerfið og því ljóst að það þarfnast uppfærslu, eða að FS fari í annað kerfi sem er miklu meira mál. Málið rætt og formaður leggur eindregið til að við uppfærum og notum þetta kerfi áfram. Bókhalds- og félagakerfið er í DK en Frímenn orlofshúsakerfið tengist því og kerfi þessi tala reglulega saman. DK er hentug og einföld heildarlausn sem inniheldur tilbúinn bókhaldslykil með tengingum við undirkerfi og því mikilvægt að vera áfram með bæði þessi kerfi. Það kostar mikla og flókna aðgerð að skipta yfir í annað bókhaldskerfi. Málið rætt og samþykkt að uppfæra Frímenn.
- b) Formaður sagði frá því að áhugavert væri að bjóða upp á launareiknivél á heimasíðunni, hann sýndi sem dæmi Pay day launareiknivélina á netinu, þar geta launþegar slegið inn launaupplýsingar og sannreynt laun sín. Við höfum áhuga á að geta boðið þessa þjónustu. Sjómaður á fiskiskipi getur fært inn upplýsingar um stærð og tegund skips, fjölda í áhöfn og aflaverðmæti og reiknast þá réttur

hásetahlutur. Viðkomandi getur borið saman útreikninginn við launaseðil sinn og sannreynt að rétt sé gert upp. Við myndum byrja á því að láta búa til launareiknivél fyrir félagsmenn okkar á fiskiskipum en síðan væri hægt að þróa kerfið fyrir farmenn, hafnarstarfsmenn o.s.frv.

Formaður leggur til að við samþykkjum tilboð í launareiknivél upp á 800 þúsund krónur sem felur í sér hönnun og gerð á launareiknivél fyrir kjarasaming á fiskiskipum. Spurt var hver fái höfundarréttinn að þessari launareiknivél. Formaður sagði að ekki hefði verið gengið frá því en það mál þyrfti að hugsa nánar.

c) Rætt um starfsmannamál og breytingar á þeim.

Formaður sagði frá því að starfsmenn skrifstofu FS hefðu verið þrír frá því að Sigrún hætti í lok mars sl. nema að ráðinn var inn sumarstarfsmaður sl. sumar í þrjá mánuði. Sigrún færði bókhald félagsins auk þess sem hún sinnti símsvörun og orlofskerfinu. Formaður samdi við Kristinn Viktorsson um að færa bókhaldið í verktöku fyrir 260.000 kr/mán + VSK, með samþykki stjórnar.

Fram kom spurning um hvernig við sjáum fyrir okkur stöðu formanns versus framkvæmdastjóra félagsins. Málið nokkuð rætt en formaður telur að vegna fámennis á skrifstofunni sé ekki þörf fyrir bæði framkvæmdastjóra og formann og því sé að hans áliti betra að þetta sé einn og sami maðurinn.

Umræða var um að töluverð gagnrýni hafi komið fram með aðkomu FS varðandi djúpkarfann en félagið sendi matvælaráðherra bréf vegna aflaheimilda á djúpkarfa ekki alls fyrir löngu þar sem hvatt var til þess að gefinn yrði út kvóti. Sem kunnugt er þá var enginn kvóti gefinn út fyrir fiskveiðiaárin 2023/2024 og 2024/2025. Djúpkarfi veiðist sem meðafli við veiðar á gulllaxi og grálúðu. Matvælaráðherra ákvað í síðasta mánuði að úthluta kvóta í djúpkarfa og var Brim úthlutað um þriðjungs djúpkarfakvótans á yfirstandandi fiskveiðiaári sem er 3.600 tonn og auk þess fékk Útgerðarfélag Reykjavíkur tæplega 20% kvótans. ÚR er stærsti einstaki hluthafi Brims. Mönnum fannst að við hefðum hlaupið á okkur með aðkomu okkar að málinu og væru sumir félagsmenn ósáttir með lyktir þess. Rætt var um að úthluta hefði átt djúpkarfakvótanum með öðrum hætti en gert var, td. í hlutfalli af kvóta í öðrum fisktegunumd. Formaður sagðist ekki hafa heyrt þessa gagnrýni áður, hún hafi aldrei verið rædd í mörgum tölvupóstum sem fóru manna á milli í aðdraganda þess að bréfið var sent matvælaráðherra. Félagið lagði eingöngu til að gefinn yrði út kvóti til að hægt væri að stunda veiðar á grálúðu og gulllaxi þar sem djúpkarfinn yrði meðafli. Lagt til og samþykkt að vanda betur til verka næst þegar farið verður í sambærileg mál.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 14:30.



Árni Sverrisson formaður



Páll Aegir Pétursson fundarritari